

Fljótsdalshérað  
Ómar Þröstur Björgólfsson  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. september 2015  
UST201508-119/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalaskipulag breyting, efnistaka vegna Hringvegar. Umsögn**

Vísað er til bréfs Fljótsdalshéraðs dags. 26. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi.


Hér er um að ræða að námur við Heiðarenda og Skóghlíð sem ætlaðar eru fyrir viðhald og endurbætur á Hringvegi 1. um Heiðarenda er bætt við aðalskipulagi.

Efni hefur áður verið tekið á báðum þessara staða. Hér er um að ræða annars vegar námu í gróðurlitlu jökulruðningsholti og hins vegar í malarhjalla. Hér er um að ræða gróðurlítill svæði og væntanlega er efnisþykkt ekki mikil þannig að auðvelt ætti að vera að ganga frá þessum svæðum að efnistöku lokinni. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svar þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur